

Leikskólinn Kópasteinn



**Leikskólar Kópavogs
Starfsáætlun 2025 – 2026**

Efnisyfirlit

1. Formáli.....	3
2. Inngangur	3
3. Skólastarfið/Leiðarljós.....	3
4. Mat á skólastarfi.....	4
Innra mat leikskólans.....	4
Ytra mat.....	6
5. Umbótaáætlun	7
6. Áherslur í starfi leikskólans.....	7
7. Þróunar- og nýbreytnistarf.....	8
8. Foreldrasamstarf	8
Foreldraráð.....	9
Foreldrafélag	9
9. Starfsfólk.....	9
10. Símenntunaráætlun	10
Skipulagsdagar.....	10
11. Aðrar upplýsingar	11
12. Húsnæði og lóð.....	11
Skólaárið 2024 - 2025	11
Ósk um viðhald skólaárið 2025 – 2026.....	11
13. Öryggismál.....	11
14. Lokaorð.....	12
15. Fylgigögn	13
Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun	13
Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun	13
Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal.....	13
Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs	13

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

2. Inngangur

Skólaárið 2024–2025 var að mörgu leyti ánægjulegt hér í Kópasteini. Formlega var hafist handa við innleiðingu Réttindaskóla-verkefnisins, sem er mikilvægt og metnaðarfullt verkefni. Innleiðingin hefur þó gengið hægt, erfitt hefur reynst að koma verkefninu almennilega af stað og jafnframt hefur verið áskorun að finna fólk sem er tilbúið til að leiða það áfram.

Starfsmannahald skólaársins hefur verið krefjandi. Talsverðar breytingar hafa orðið á starfsmannahópnum, meðal annars vegna flutninga og áhuga starfsfólks á að sækja sér frekari menntun, sem er vissulega jákvætt út frá sjónarhóli einstaklingsins. Hins vegar hefur verið erfitt að manna lausar stöður með hæfu starfsfólki, og álag vegna veikinda hefur aukið á þessar áskoranir. Þá virðist orlof starfsfólks nú dreifast yfir alla mánuði ársins, sem gerir skipulagningu mönnunar flóknari.

Á komandi skólaári mun nýr aðstoðarleikskólastjóri hefja störf og töluverðar breytingar verða á starfsmannahópnum. Þetta mun án efa fela í sér áskoranir fyrstu mánuðina, samhliða aðlögun nýrra barna að leikskólanum.

3. Skólastarfið/Leiðarljós

Í leikskólanum er unnið samkvæmt lögum um leikskóla, aðalnámskrá leikskóla og skólanámskrá viðkomandi leikskóla. Leikskólinn er fyrir öll börn á leikskólaaldri, óháð atgervi eða menningarlegum bakgrunni. Fjölbreytileiki barnahópsins er metinn að verðleikum og er mikilvægur ávinningur fyrir allt skólasamfélagið.

Lögð er rík áhersla á vellíðan barna og starf sem stuðlar að þroska, lærdómi og félagslegum vexti. Leikurinn er í hjarta alls uppeldisstarfs – hann er bæði námsleið og þroskaleið barna.

Í gegnum leikinn og skipulagðar vinnustundir eru meðal annars lögð áhersla á málrækt, sjálfbærni, sköpun, tónlist, lífsleikni og jákvæð samskiptagildi. Umhverfið gegnir lykilhlutverki í námsumhverfi barna.

Sjálfsprottinn leikur í allri sinni fjölbreytni fær mikið rými í daglegu starfi. Á frjálsum leiktímum barna er notað valkerfi þar sem fjölbreyttur efniviður er í boði til að styðja við skapandi og sjálfstæðan leik.

Daglegar samverustundir fara fram á öllum deildum. Þar er lesið og sungið, og börnin fá tækifæri til að ræða ýmis mál efni í hópnum.

4. Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans eru á stöðu, framfarir og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni alls starfsfólks. Matsteymið leggur fram matsáætlun sem borin er undir stjórnendur og starfsfólk en þar eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári, þættir sem skoðast sjaldnar ásamt fyrir fram ákveðnum þáttum um grunnþætti menntunar.

Innra mat hefur því miður ekki verið unnið í Kópasteini síðastliðið skólaár, en stefnt er að því að bæta úr því á yfirstandandi skólaári. Óskað verður eftir aðstoð frá leikskóladeild til að koma ferlinu af stað.

Matsteymi: er ekki til staðar.

Matsþættir	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x	x		x
Stjórnun skólans og daglegur rekstur	x	x		x
Faglegt samstarf	x	x		x
Leikskólaþróun og símenntun	x	x		x
Skólanámskrá (Endurskoðuð á 5 ára fresti)	x			
Starfsáætlun	x	x	x	x
Áætlanir og verklagsreglur (Læsisáætlun, málstefna og áfallaáætlun)		x		x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka	x	x	x	x
Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli margbreytileikans	x	x	x	x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Sambætt og skapandi leikskólastarf				
Sjálfbærni og vísindi	x			
Læsi og samskipti		x		
Heilbrigði og vellíðan			x	
Sköpun og menning				x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara	x		x	
Fagmennska starfsfólks	x		x	
Starfsánægja	x	x	x	x
Leikskólabragur				
Viðmót og menning		x		x
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi		x		x
Viðhorf foreldra	x	x		x
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni	x	x	x	x
Gagnaöflun og vinnubrögð	x	x	x	x
Opinber birting og umræður	x	x	x	x

Innra mat 2024-2025 er ekki til staðar.

Efi og Hljóm-2, niðurstöður eru kynntar foreldrum í foreldraviðtali.

Skólaárið 2025-2026 verður lögð áhersla á læsi og samskipti í innra mati.

Ytra mat

Tilgangur ytra mats er að tryggja gæði starfsins í leikskólanum, að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerðir og aðalnámskrár leikskóla. Ytra mat á að auka gæði náms og skólastarfs, stuðla að umbótum og tryggja að réttindi, öryggi og vellíðan barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Framkvæmd ytra mats í leikskólanum er meðal annars gert með því að skoða fyrirbyggjandi gögn um starfsemi skóla, heimsóknum, viðtölum við börn, starfsfólk skóla og foreldra af utanaðkomandi aðila. Ytra mat kemur ekki í stað innra mats af því að forsendur þess að leikskólinn nýti sér niðurstöður ytra mats til umbóta er að hann hafi áttað sig á styrk- og veikleikum sínum í gegnum innra mat.

Starfsmannakönnun var lögð fyrir í mars 2025 og svarhlutfallið var 73,1 %. Niðurstöður sýna að almennt ríkir ánægja meðal starfsmanna með vinnustaðinn. Flestir upplifa góðan starfsanda, samstöðu, hjálpssemi og mikinn fróðleik innan stofnunarinnar.

Helstu atriði sem bent er á sem úrbótataækifæri eru meðal annars of mikið álag, skortur á starfsfólki, þörf á markvissari þjálfun nýrra starfsmanna, aukin aðstaða fyrir starfsfólk, bætt loftgæði og möguleiki á lengri kaffitímum.

Foreldrakönnun var lögð fyrir í febrúar 2025 og svarhlutfallið var 92%. Niðurstöður sýna að almenn ánægja og traust ríki í garð leikskólans. Foreldrar eru ánægðir með starfsfólk, móttöku barna og starfið almennt.

Helstu atriði sem bent er á sem úrbótataækifæri eru að ekki sé gert ráð fyrir gangandi / hjólandi fólki og vanti skýli fyrri kerrur / hjól, bílastæðavandamál. Úti leiksvæði sé ábótavant og óskir um fleiri foreldraviðtöl.

Heilbrigðiseftirlit kom í eftirlit 13.09 2025, alltaf gott að fá skýrslu um hvað má gera betur frá þeim. Búið er að bæta nánast öll atriðin sem komu fram þar, það sem eftir er sett í umbótaáætlun og þarf að vinna í samstarfi við eignadeild.

Vinnueftirlitið kom í takmarkaða úttekt vegna hávaða og loftmengunar 18.09 2025 Eftir umhverfismælingar á hávaða og loftgæðum hefur komið athugasemd vegna loftgæða á deildum. Á deildum eru gluggar opnir í rýmum á hverjum degi megnið af opnunartíma skólans, öll börn fara út að lágmarki einu sinni á dag og megnið af starfsfólki líka. Til viðbótar munum við markvisst lofta vel út einu sinni yfir daginn. Í Litla – Steini stendur jafnframt til að skipta út gluggum í sumar sem mun bæta verulega loftunarmöguleika í því húsi.

Eldvarnareftirlit hefur ekki komið síðan 29.04 2024 því eru líkur á að við munum fá heimsókn frá þeim á næstunni.

Öryggiseftirlit lóða skýrsla er send til garðyrkjustjóra Kópavogs sem sér um að láta laga það sem er ábótavant.

Skólaárið 2025-2026 verður framkvæmd vinnustaðagreining ásamt því að lögð verður fyrir foreldrakönnun á vegum Skólapúlsins.

5. Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í Kópasteini er því miður ekki í réttum farvegi og úr því verður bætt á þessu skólaári.

6. Áherslur í starfi leikskólans

Leikskólinn Kópasteinn hefur hafið þátttöku í réttindaskólaverkefni UNICEF og er nú á öðru starfsári í þeirri vegferð. Aðstoðarleikskólastjóri ber ábyrgð á verkefninu ásamt tveimur umsjónarmönnum. Margir starfsmenn hafa fengið kynningu á verkefninu og ábyrgðaraðilar hafa hlotið dýpri fræðslu. Markmiðið er að veita fræðslu um réttindi barna og Barnasáttmálann á hverjum skipulagsdegi.

Ýmis starfsemi leikskólans endurspeglar nú þegar grunnildi Barnasáttmálans. Þar má nefna notkun námsefnisins um Blæ, þar sem unnið er með virðingu, jafnrétti, fjölskyldutengsl, heimili og fjölmenningu. Hins vegar hefur ekki enn verið unnið markvisst með Barnasáttmálann í heild sinni, en það er í þróun.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru einnig samþætt daglegu starfi leikskólans. Lögð er áhersla á sjálfbærni með því að draga úr úrgangi, endurnýta efnivið og minnka matarsóun. Börn læra að bera virðingu fyrir náttúrunni og fara vel með auðlindir. Áhersla er lögð á jöfn tækifæri og réttindi allra.

Áætlun um læsisstefnu verður unnin í stjórnandateymi skólans í vetur en handbók um snemmtæka íhlutun verður lögð til grundvallar í þeirri vinnu. Einnig erum við að byrja vinnu með hæfnirammanna sem er nauðsynlegt þar sem 40% barnahópsins býr við fjölmenningarlegna bakgrunn. Búið er að fá kynningu á þróunarverkefni sem unnið var í Leikskólanum Kópahvoli fyrri allan starfsmannahópinn.

Viðmið um málstefnu hófust hjá okkur á liðnu skólaári, þá fengum við kynningu frá MMS. Í raun erum við að vinna eftir málstefnu, sem þarf að setja á prent og gera sýnilega. Við tölum íslensku sem skólamál en þurfum að bæta okkur í að tala og skrifa íslensku við alla foreldra.

Nýjar áherslur í aðalnámskrá þarf að setja í skólanámskrá en Kópasteinn hefur alltaf lagt mikla áherslu á sjálfssprottin leik og honum gefið gott rými í dagskipulagi en alltaf er hægt að gera betur. Skólanámskrá er í endurskoðun, vinna gengur hægt en búið er að fá sjónarhorn frá öllu starfsfólki á námsviðin og munu stjórnendur vinna út frá þeim gögnum við endurskoðun skólanámskrá.

Farsældin var kynnt öllu starfsfólki á skipulagsdegi og hefur gengið vel að innleiða það ferli undir öruggri handleiðslu sérkennslustjóra.

Lausnarteymi situr sérkennslustjóri og leikskólastjóri ásamt deildarstjóra þeirrar deildar sem á mál í teyminu. Þessi vinna hefur gengið vel hjá okkur.

7. Þróunar- og nýbreytnistarf

Á þessu skólaári verður unnið með breyttu fyrirkomulagi varðandi málörvun allra barna í leikskólanum. Leikskólakennari í 60% stöðu sér um þennan málaflokk og heldur utan um málörvunina í heild. Hún sinnir bæði einstaklings- og hópastarfi með börnum, annað hvort með tímum utan deilda eða beinni þátttöku í daglegu starfi á deildum. Með þessu móti miðlar hún einnig þekkingu og fræðslu til samstarfsfólks. Þessi kennari mun jafnframt eiga sæti í teymi sem vinnur að móttökuhandbók leikskólans ásamt leikskólastjóra.

Innra mat leikskólans er verkefni sem þarf að hefja frá grunni á þessu skólaári. Stefnt er að því að koma reglubundnu innra mati inn sem hluta af starfsemi leikskólans. Óskað verður eftir stuðningi og leiðsögn frá leikskóladeild til að tryggja að þessi mikilvægi þáttur fái nægilegt vægi og verði innleiddur á markvissan hátt.

Leikskólinn er þátttakandi í verkefni á vegum skólaþjónustu Kópavogs. Sálfræðingur kemur og á viðveru fjóra daga í mánuði í leikskólanum, sérkennslustjóri heldur utan um verkefnið.

Leikskóla- og sérkennslustjóri sitja í fagteymi leikskóla sem er á vegum skólaþjónustu Kópavogs.

8. Foreldrasamstarf

Lögð er rík áhersla á gott og virkt samstarf milli heimilis og leikskóla. Þegar barn hefur leikskólagöngu er fyrsta skrefið að foreldrar séu boðaðir í viðtal við leikskólastjóra og deildarstjóra. Þar er lagður grundvöllur að traustu og opnu samstarfi til framtíðar.

Foreldrar fá boð um að heimsækja leikskólann, yfirleitt 2–3 sinnum á ári. Auk þess eru þeir alltaf velkomnir í samráði við kennara, ef óskað er eftir að koma inn á deild eða ræða málefni tengd barninu.

Leikskólinn leitast við að mæta þörfum foreldra fyrir upplýsingar um líf barnsins í leikskólanum, eftir því sem aðstæður og mannaflí leyfir hverju sinni.

Við viljum gera foreldrum auðveldara að taka virkan þátt í starfi leikskólans og bjóðum því upp á fjölbreyttar tímasetningar fyrir viðburði á borð við kynningarfundir og vorhátíð ýmist að morgni eða síðdegis svo sem flestir geti tekið þátt.

Foreldraráð

Foreldraráð starfar við leikskólann í samræmi við lög um leikskóla. Hlutverk þess er að styðja við starf leikskólans og stuðla að góðu samstarfi milli foreldra og starfsfólks. Starfsreglur ráðsins má finna á heimasíðu leikskólans.

Í upphafi hvers skólaárs er kosið í foreldraráð. Fundir eru haldnir að lágmarki einu sinni á önn, og oftast ef þörf krefur. Kosið er í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélagsins ár hvert. Tilkynt er um kosningu með tölvupósti til foreldra.

Fulltrúar í foreldraráði skólaárið 2024- 2025

- Anna Sigrún Jónsdóttir, foreldri á Steinholti
- Eydis Ýr Rosenkjær, foreldri á Álfholti
- Svava Gerður Ingimundardóttir, foreldri á Álfholti

Foreldrafélag

Foreldrafélag starfar við leikskólann og tekur stjórn þess virkan þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða á vegum skólans. Stjórnin fundar nokkrum sinnum á skólaárinu, að hluta til í leikskólanum en að mestu leyti í gegnum netmiðla.

Foreldrasjóðurinn er í umsjá stjórnar foreldrafélagsins og er nýttur til að greiða kostnað sem tengist viðburðum, gjöfum eða öðru sem stjórn félagsins ákveður.

Tengiliður leikskólans við foreldrafélagið er aðstoðarleikskólastjóri.

Á aðalfundi foreldrafélagsins, sem haldinn er í upphafi hvers skólaárs, er kosið í stjórn félagsins. Kosningin er kynnt öllum foreldrum með tölvupósti.

Fulltrúar í stjórn foreldrafélagsins skólaárið 2024 - 2025

- Þórunn Arnardóttir – Formaður, foreldri á Álfholti
- Hugrún Jónsdóttir – Gjaldkeri, foreldri á Dvergholti
- Guðrún Elsa Tryggvadóttir – Meðstjórnandi, foreldri á Dvergholti
- Ingunn Unnsteinsdóttir - Meðstjórnandi, foreldri á Steinholti
- Maren Heiða Pétursdóttir – Meðstjórnandi, foreldri á Steinholti
- Bergdís Geirsdóttir – Tengiliður leikskóla, aðstoðarleikskólastjóri

9. Starfsfólk

Í Kópasteini er gert ráð fyrir 13,76 stöðugildum á deildum, 100% stöðu leikskólastjóra, 85% stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 50% stöðu sérkennslustjóra og 2 stöðugildi í

eldhúsi. Að auki er 9,09 starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna. Töluverðar breytingar hafa orðið á starfsmannahópnum frá síðasta skólaári. Nýr aðstoðarleikskólastjóri hóf störf í september, tveir nýir deildarstjórar ásamt sex starfsmönnum.

Starfsmannahópurinn samanstendur af:

Leikskólakennarar eru 11, þar er leikskólastjóri M.Ed. í stjórnun menntastofnanna og sérkennslustjóri MT í sérkennslufræðum og skóla margbreytileikans.

Önnur háskólamenntun eru 4, þar er sálfræði, ferðamál og tölvumenntun.

Leiðbeinendur eru 13, þar er einn með stuðningsnám.

Eldhússtafrsmenn eru tveir.

Síðasta starfsár voru 13,76 stöðugildi á deildum, 100% staða leikskólastjóra, 60% stjórnunarstaða aðstoðarleikskólastjóra 70% staða sérkennslustjóra, 2 stöðugildi í eldhúsi. Að auki voru 9,90 starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna

10. Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákveða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsfólks. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun skólans og þau eru haldin á skipulagsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á ári. Fjórða hvert ár geta leikskólar sótt um sjötta skipulagsdaginn til leikskólanefndar ef um námsferð erlendis er að ræða. Skipulagsdagar verða nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn og skipulag starfsins. Töluverð breyting er á stafrsmannahópnum í ár og því munum við nota skipulagsdagana til að uppfræða um okkar starf, fræðslu um réttindaskólaverkefnið og til hópeflingar.

1. 15. september- verða Stefanía Finnbogadóttir aðstoðarleikskólastjóri og Sigríður Kristín Sigurðardóttir sérkennslustjóri í Kópahvoli með fyrirlestur um notkun á hæfnirömmum í íslensku fyrir börn með fjölmennningarlegan bakgrunn í tengslum við TRAS.
2. 12. nóvember – fyrirlestur frá Ágústu Guðjónsdóttur talmeinafræðing um málþroska barna og málörvun.

3. 15. janúar – stjórnendur og starfsfólk Kópasteins verður með kynningu á hvernig við notum blæ og lubba og samverustundir.
4. 10. mars – kynning á innri vef og torginu, atviki og slíkum forritum sem við notum.
5. 15. maí – undirbúnings vinna fyrir vorhátíð, sumarstarf og endurmat.

11. Aðrar upplýsingar

Á komandi skólaári verða 98 nemendur í Kópasteini. Í árgangi 2020 eru 20 nemendur, í árgangi 2021 er 34 nemendur, í árgangi 2022 eru 18 nemendur, í árgangi 2023 eru 24 nemendur og í árgangi 2024 eru 2 nemendur. Fjörutíu nemendur eru með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Þrjátíu og tveir nemendur eru með dvalartímann 6 stundir og sextán eru með dvalartímann 8 stundir. Í ár eru 4,5 stöðugildi vegna sérkennslu

12. Húsnæði og lóð

Skólaárið 2024 - 2025

Í Litla – Steini var lóðin og garðurinn endurgerður, ný leiktæki, breytingar á stéttum og rampi ásamt geymslu undir sorptunnur og bætt við bílastæði fyrri fatlaða. Lóðin er mjög falleg og skemmtilegt útisvæði. Enn á eftir að klára handrið við tröppur sem leikskólastjóri mun fylgja eftir. Einnig var skipt um alla glugga og húsið mála að innan í leiðinni.

Í Kópasteini var minna um framkvæmdir, þar var aðlaga farið í atriði sem heilbrigðiseftirlitið gerði athugasemdir við.

Ósk um viðhald skólaárið 2025 – 2026

Send hefur verið beiðni um að láta skipta um innihurðir í Litla – Steini þar sem ekki eru gluggar á hurðunum sem er óásættanlegt í leikskólastarfi. Eignadeild hefur nú þegar hafnað beiðninni. Einnig var send ósk um að fá aðstoð við að kaupa gardínur í nýju gluggana og til að endurnýja búnað í Litla – Steini.

13. Öryggismál

Í leikskólanum starfa bæði öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þessara ráða er að stuðla að öruggu og heilbrigðu starfsumhverfi fyrir börn og starfsfólk og koma í veg fyrir heilsutjón og sálræn áföll.

Öryggisnefnd

Öryggisnefnd leikskólans sinnir eftirfylgni með öryggi á vinnustaðnum og aðstoðar við að tryggja forvarnir gegn slysum og áföllum.

Fulltrúar í öryggisnefnd:

- **Öryggistrúnaðarmaður:** Rannveig Hlín Jóhannesdóttir, deildarstjóri
- **Öryggisvörður:** Margrét Lárusdóttir, leikskólastjóri
- **Fulltrúi frá Litla – Steini:** *vantar að tilnefna*

Áfallaráð

Áfallaráð kemur að málum sem geta haft áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks, svo sem slys, alvarleg veikindi, sorg eða einelti.

Meðlimir áfallaráðs:

- Margrét Lárusdóttir, leikskólastjóri
- Bergdís Geirsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri
- Margrét Hlín Sigurðardóttir, sérkennslustjóri
- Marielle Abed, deildarstjóri Álfholt
- Birna Kristinsdóttir, deildarstjóri Hulduholt

Atvikaskráning og greining – skólaárið 2024–2025

Slys og önnur atvik eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við VÍS.

Heildarfjöldi skráðra atvika: 15

- Alvarleg atvik barna: Engin
- Staðsetning atvika:
 - Innandyra: 4
 - Utandyra: 5
- Atvik sem snúa að starfsfólki: 4

Dæmi um atvik starfsfólks:

- Einn starfsmaður fótbrotnaði eftir fall inn á deild
- Tveir starfsmenn tognuðu, annar við fall og hinn þegar barn hoppaði á hann

Stjórnendur telja mikilvægt að bregðast við þessum atvikum með markvissri fræðslu um öryggismál, bæði til að fyrirbyggja frekari slys og styrkja öryggisvitund starfsfólks.

14. Lokaorð

Á komandi skólaári verður áhersla á aukna vinnu með málrækt og íslensku sem tungumál, bæði verður aukin fræðsla fyrir starfsfólk sem og að leggja meiri áherslu á málörvun og

málnotkun í almennu starfi á deildum. Einnig er innleiðing á réttindaskólaverkefninu komið í góðan farveg.

Á komandi skólaári verður unnið að velferð bana og starfsfólks eins og ávallt. Stjórnendateymi skólans fer bjartsýnt inn í nýtt skólaár með vonir um að börn og starfsfólk þroskist og læri saman.

15. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun

Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun						
Viðfangsefni/markmið	Vegna	Aðgerðir til umbóta	Tímarammi	Ábyrgð	Viðmið um árangur	Staða
Innra mat og matsteymi	Á að vera samkvæmt lögum um leikskóla	Stjórnendur kynni sér hvernig unnið er í öðrum skólum og setja af stað matsteymi og byrja vinnuna.	2025/2026	Leikskólastjóri	Matsteymi og læsi og samskipti metin.	Ekki hafið
EFI - HLJÓM	Á að leggja fyrir ákveðna hópa barna.	Setja samræmt ferli upp um fyrirlögn og samræma skil til foreldra og annarra aðila sem við á.	2025/2026	Sérkennslustjóri	Samræmdar aðgerðir um skil á gögnum	Verið er að leggja HLJÓM fyrir og byrjað með EFI.
Þjálfun á nýju fólki	Kom fram í könnun lagða fyrir starfsfólk.	Búa til móttöku áætlun.	2026/2027	Skólastjórnendur	Móttökuhandbók	Ekki hafið.
Loftgæði	Athugun frá vinnueftirlitin.	Fræðsla til starfsfólks um mikilægi að lofta út.	Haut 2025	Skólastjórnendur	Starfsfólk meti loftgæði betri en áður.	Betri loftgæði.
Kerruskýli	Kom fram í könnun sem var lögð fyrir foreldra.	Sena beiðni til garðyrkjustjóra.	2025/2026	Skólastjórnendur	Kerruskýli	Ekki hafið
Foreldraviðtöl	Kom fram í könnun sem var lögð fyrir foreldra.	Bjóða upp á fleiri foreldraviðtöl.	2026	Deildarstjórar	Bjóða upp á fleiri foreldraviðtöl.	Ekki hafið
Heilbrigðiseftirlit	Skýrsla frá Heilbrigðiseftirlitun skólaárið 024-2025	Klára að fylgja eftir öllum atriðum sem komu fram í skýrslu frá Heilbrigðiseftirlitinu.	2025/2021	Aðstoðarleikskólastjóri	Öll atriði séu kláruð	Búið er að klára sumar sumar aathugasemdir.

Réttindaskólaverkefni - UNICEF	Innleiðing á að taka 2 ár	Setja upp áætlun og festa verkefnið í sessi	Vor 2026	Aðstoðarleikskólastjóri	Fá viðurkenningu sem réttindaskóli	Búið er að gera áætlum um vinnuna.
Læsis- og málstefna	Stefnumótun leikskólans og sveitafélags.	Skrá og innleiða málstefnu. Gera læsisstefnu og innleiða.	Vor 2026	Stjórnendateymi	Skrifleg og sýnileg mál-læsisstefna.	Búið að fá kynningu og móta málstefnu.
Hæfniramar	Stefnumótun leikskólans og sveitafélags.	Skrá færni barna í hæfniramma á öllum deildum.	Vor 2026	Stjórnendateymi	Hæfniramar verði notaðir á öllum deildum.	Búið að fá kynningu frá Kópahvoli.
Skólanámskrá	Samkvæmt lögum um leikskóla.	Unnið verður að endurskoðun skólanámsskráar.	Sumar 2026	Leikskólastjóri	Ný skólanámskrá	Búið er að fá athugasemdir frá öllu starfsfólki um grunnþætti menntunar í skólanámskrá.

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun						
Pátttakendur	Lýsing á námskeiði	Markmið	Dagsetning	Tíma fjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Allt starfsfólk	Deildafundir	Upplýsingagjöf, fræðsla og fleira	Allt skólaárið	1x í mánuði	Unnið í vinnutíma	Deildastjórar / Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Til að gefa starfsmanninum tækifæri til að skoða sjálfan sig í stafi og að gefa þeim tækifæri til að koma með ábendingar til stjórnenda um starf leikskólans	vor 2025	30 mín pr. Starfsmann	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Fagfólk	Fagfundir	Fræðilegar umræður og stefnumótavinna,	1 x á önn	3 tímar x2 = 6 tímar	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri / aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Stefanía Finnbogadóttir og Sigríður Kristín Sigurðardóttir frá Kópahvoli Hæfnirammur	24.sept	2 tímar	Unnið á vinnutíma, Starfsmenn Kópahvols	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Málþroski og málörvun	12..nóv	2,5 tímar	Unnið á vinnutíma Ágústa talmeinafræðingur	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur		3.jan	8 tímar	80.000 - 100.000kr	Leikskólastjóri

Deildastjórar	Deildastjórafundir	Skapa umræður um starfið og samstilling stjórnendateymis	1x í viku	Klst. hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagar	Endurmat á skólaárinu, ýmsir matslistar unnir og sumarstarf skipulagt	16.maí	8 tímar	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri
Starfsfólk sem stuðningur	Samráðsfundir með sérkennslustjóra	Umræður um starfið sem og fræðsla frá sérkennslustjóra tengt starfinu	1x í mánuði	Klst. hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Sérkennslustjóri og Leikskólastjóri
Deildarstjórar	Deildarstjórafundir með öllum leikskólum í Kópavogi	Fræðsla frá leikskóladeild	1X mánuði	2 klst. hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskóladeild og leikskólastjóri

Fylgiskjal 3 - Skóladagatal 2025-2026

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Tillögur / hugmyndir að umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs (þessir punktar eru einungis hugsaðir til að hafa til hliðsjónar fyrir foreldraráð við yfirlestur starfsáætlunar)

Inngangur/almennt

T.d. hlutverk ráðsins (er m.a. að gefa umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans, sbr. 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og á grundvelli þess er eftirfarandi umsögn veitt)

Umsögn:

Hvernig er starfsáætlunin unnin?

- Er hún metnaðarfull?
- Lýsir hún starfsemi leikskólans;
 - markmiðum, áherslum og leiðum?
 - hvernig unnið er með börnunum til að þeim líði sem best?
 - hvernig starfsemin fléttast áherslupáttum leikskólans?
 - fyrirhugaðri foreldrasamvinnu – upplýsingum til foreldra
 - foreldraviðtölum, og hvernig hægt er að nálgast upplýsingar um starfsemina?
 - hvernig matið í leikskólanum fer fram og hvaða matstæki eru notuð?
- Gefur hún yfirlit yfir starfsmannahópinn (menntun, reynslu o.fl.)

Lokaorð:

T.d. í heildina telur foreldraráð að starfsáætlunin sé vel unnin og lýsi vel því starfi sem framundan er.

Undirskrift foreldraráðs
